

Stjórnendur vinnslustöðva og útgerðarmenn loðnuskipa skulu fyrir lok janúar gera loðnunefnd grein fyrir hvernig þessir aðilar hyggist standa að tilhögun veiða á loðnu til hrognatöku og vinnslu þeirra.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar skulu sæta viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, sbr. lög nr. 98 31. desember 1974.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, sbr. lög nr. 98 31. desember 1974, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. janúar 1984.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Selfoss-
hreppi og ráðstöfun atvinnuleyfa, nr. 81 11. maí 1967.**

1. gr.

Yfirskrift reglugerðarinnar verði þannig:

Reglugerð um takmörkun leigubifreiða í Selfosskaupstað og ráðstöfun atvinnuleyfa.

2. gr.

1. málsg. 1. gr. orðist þannig:

Tala allt að átta farþega leigubifreiða til mannflutninga í Selfosskaupstað skal vera miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórufélagsins Faxe á Selfossi, þannig að ein bifreið komi á hverja 500 íbúa sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands. Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 500 íbúa, skal ekki veita ný leyfi vegna fjölgunar íbúa, nema eitt fyrir hverja 500 íbúa.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. janúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.